

Álitsgerð

um afhendingarskyldu slitastjórna til Þjóðskjalasafns Íslands

I.

Með beiðni 19. desember 2013 óskaði Þjóðskjalasafn Íslands eftir því við undirritaða að veitt yrði álit annars vegar á því hvort afhendingarskylda slitastjórna til Þjóðskjalasafns hvíli á slitastjórnnum samkvæmt 80. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og hins vegar hvort slík skylda nái einnig til þess þegar slitameðferð líkur með nauðasamningi.

II.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands er hlutverk Þjóðskjalasafns söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir. Í 2. mgr. er tekið fram að þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 66/1985 er afhendingarskyldum aðilum óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

Í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er fjallað um skipun og hlutverk slitastjórna. Tekið er fram í 4. mgr. 101. gr. laganna að þegar dómsúrlausn hefur gengið um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita skipi héraðsdómari því slitastjórn sem í skulu sitja allt að fimm menn. Við skipun hennar tekur hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda höfðu á hendi, sbr. þó 3. mgr. 103. gr. Sérstaklega er tekið fram að að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögnum gildi reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Samkvæmt því gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. um slitastjórn að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum nr. 161/2002. Fyrir liggur að hvorki er fjallað um varðveislu né afhendingarskyldu skjala til

Þjóðskjalasafns í lögum nr. 161/2002. Samkvæmt því gildir 80. gr. laga nr. 21/1991 um slitastjórnir.

Samkvæmt 80. gr. laga nr. 21/1991 tekur skiptastjóri við skjölum sem hafa þýðingu fyrir gjaldþrotaskiptin og varðveitir þau um sinn eftir að hann lýkur störfum að því leyti sem þau hafa ekki áður verið lögð fram í dómi. Um afhendingu skjalanna til varðveislu á Þjóðskjalasafni skal farið eftir sömu reglum og eiga við um skjöl sem eru lögð fram í dómsmálum. Ákvæðið á við um gjaldþrotaskipti en ekki er að finna sambærilegt ákvæði þegar um er að ræða nauðasamninga.

III.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 21/1991, sem fjalla um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, um slitastjórnir að breyttu breytanda að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum nr. 161/2002. Þar sem ekki er fjallað um varðveislu eða afhendingarskyldu slitastjórna í lögum nr. 161/2002 gildir 80. gr. laganna um slitastjórnir. Það ákvæði fjallar um varðveislu og afhendingarskyldu þeirra skjala sem ekki hafa verið lögð áður fram í dómi til Þjóðskjalasafns. Samkvæmt því ber slitastjórnnum að afhenda þau skjöl til Þjóðskjalasafns sem hafa þýðingu fyrir gjaldþrotaskiptin að því leyti sem þau hafa ekki verið áður lögð fram í dómi. Ekki verður talið að afhendingarskylda eða skilaskylda til Þjóðskjalasafns eigi við ef slitameðferð líkur með nauðasamningi.

Reykjavík, 26. janúar 2014,

Kristín Benediktsdóttir lektor